Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 21. júní 2020
R20060199

Borgarráð

***Skrifstofuhúsnæði fyrir barnavernd, leiga eða kaup***

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að auglýsa eftir húsnæði til leigu eða kaups fyrir barnavernd.

*Greinargerð:*
Velferðarsvið hefur óskað eftir að eignasjóður auglýsi eftir húsnæði til leigu eða kaups fyrir skrifstofur barnaverndar, fullbúnu til notkunar en án lauss búnaðar. Húsrýmisþörf er áætluð í kringum 1200 fermetrar. Leigutími verði 15 ár með mögulegri framlengingu og kauprétti. Núverandi húsnæði í Borgatúni er orðið of lítið og aðstaða fyrir skjólstæðinga ekki heppileg.
Valkostur verði að bjóða húsnæði bæði til sölu og/eða leigu.
Heimilt verði að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Verði af leigu- eða kaupsamningi verður hann lagður fyrir borgarráð til samþykktar.

Óli Jón Hertervig